

ÞJÓÐVILJINN

Útgefandi: Sameiningarflokkur alþýðu — Sosialistaflokkurinn. Ritstjórnar Magnús Kjartansson, Sigurður Guðmundsson (a.o.). Fréttaritstjóri: Jón Bjarnason. — Blaðamenn: Ásmundur Sigurjónsson, Guðmundur Vigfússon, Ívar H. Jónsson, Magnús Torfi Ólafsson, Sigurjón Jóhannsson. — Auglýsingastjóri: Guðgeir Magnússon. — Ritstjórn, afgreiðsla, auglýsingar, prentamiðja: Skólavörðustíg 19. — Sími: 17-500 (5 línur). Áskriftarverð kr. 25 á mánuði. Í Reykjavík og nágrenni: kr. 22 annarsst. Lausasölurverð kr. 1.50 Þ-entsmiðja Þjóðviljans.

Hvað hefur áunnizt?

Núverandi ríkisstjórn hefur að sjálfsögðu ekki farið varhluta af því að um störf hennar og stefnu hafi verið deilt meðal þjóðarinnar. Menn hafa skipzt í fylkingar með henni og móti eins og gengur og gerist. Sjálfstæðisflokkurinn hefur að vonum haldið uppi harðvítugum áróðri gegn stjórninni og fundið henni allt til foráttu. Var aldrei annars að vænta af þeim flokki að stéttarinnar og sérhagsmunaaflanna sem ýtt var til hliðar við myndun hennar, og það því fremur sem ýmsar stjórnarathafnir hafa gengið beint gegn hagsmunum þeirra þjóðfélagsafla sem Sjálfstæðisflokkurinn telur fyrst og fremst skyldu sína að vernda.

Þrátt fyrir þau vonbrigði, sem ríkisstjórnin hefur valdið mörgum eindregnum stuðningsmönnum sínum, og þá ekki sízt með undanslætti sínum í hernáminu sem gerður var fyrir atbeina Framsóknar og Alþýðuflokks, er rétt og skylt að hafa einnig í huga það sem áunnizt hefur. Ríkisstjórninni hefur tekizt að halda framleiðslustarfsemi landsmanna í fullum gangi, Íslendingum hafa verið tryggðir góðir og öruggir markaðir fyrir útlutninginn og atvinnulíf í landinu hefur staðið með blóma. Er þetta mikil og athyglisverð breyting frá stjórnarhátum íhaldsins þegar fiskveiðiflotinn var hvað eftir annað bundinn í höfn vegna þess að svikizt var um að semja í tíma við útvegsmenn og sjómenn og tryggja nauðsynlegan reksturgrundvöll framleiðslunnar.

Þá hefur verið lögð áherzla á að efla sjávarútveginn með öflun nýrra framleiðslutækja. 12 stór fiskiskip eru í smíðum í Austur-Þýskalandi og aukin hefur verið skipasmíðin innanlands. Mörg frystihús og fiskiðjuver, sem byrjað var á en hvergi fékkst fé til meðan íhaldið réði, hafa verið fullgerð fyrir atbeina ríkisstjórnarinnar. Framundan er að ganga frá samningum um smíði nýrra togara erlendis í samræmi við stjórnarsáttmálann. Nauðsynlegt fé hefur og verið tryggt til að ljúka sementsverksmiðjunni og til virkjunar Sogsins en þar stóð íhaldið uppi gjörsamlega ráðalaust.

Húsnæðismálin voru í fullkomnum ólestri þegar íhaldið var hrakið frá völdum. Ekkert fé var fyrir hendi til íbúðabyggingalána og kerfi íhaldsins algerlega gjaldþrota. Eitt stærsta verk núverandi ríkisstjórnar er hin nýja löggjöf um húsnæðismálastofnun ríkisins en eigin tekjur hennar nema nú árlega 45 millj. kr. og

fara vaxandi frá ári til árs. Þótt ekki hafi enn tekizt að fullnægja öllum lánbeiðnum á öðru ári starfseminnar er auðsætt að hér hefur mikið áunnizt og sá grundvöllur lagður sem tryggir framtíðarlausn.

Í tíð núverandi ríkisstjórnar hafa í fyrsta skipti verið lagðar verulegar byrðar á auðmenn og auðfélög. Löginn um stóreignaskattinn voru sett jafnhliða húsnæðislöggjöfinni og eru einn þátturinn í að tryggja nauðsynlegt fjármagn til íbúðalána. Íhaldið hefur hamazt gegn þessari lagasetningu, talið hana fjörrað við eignarrétt auðmannanna og jafnvel hótad málaferlum í því skyni að fá hana dæmda ógilda! Kemur þarna glögglega fram raunverulegur áhugi íhaldsins fyrir hagsmunum íbúðabyggingenda.

Sama hefur verið afstaða íhaldsins til þeirra ráðstafana sem gerðar hafa verið til að láta auðfélög og milliliði bera ríflegan hlut þeirra byrða sem þjóðin hefur orðið að taka í rekstur framleiðslunnar. Verðlagseftirlitið og aðgerðir þess í þá átt að láta milliliðina taka á sig verulegan hluta af fjárfloflunni í fyrri hafa sætt harðri andstöðu íhaldsins. Sama er að segja um þá ákvörðun að láta auðfélög eins og olíuhringina leggja af mörkum tugi milljóna af þeim gróða sem þau höfðu áður til frjálsrar ráðstöfunar.

Menn fara nærri um hvort slíkar ráðstafanir sem þessar hefðu verið gerðar ef íhaldið hefði mátt ráða. Um það á ekki að þurfa að deila. Afstaða íhaldsins eins og hún hefur komið fram af hálfu blaða þess og forsvarsmanna tekur þó af öll tvímæli.

Þá er vert að minnst þess, að skattar hafa verið lækkadir verulega á lágtekjufólki og kjör fiskimanna bætt, bæði laun þeirra hækkuð og orlofsfríðindi aukin svo og skattfríðindi. Þá er nú framundan lögfesting á lífeyrissjóði fyrir togarasjómenn. Nýlega hafa verið staðfest lög um réttindi tímavinnnumanna, sem verkalyðssamtökin hafa lengi barizt fyrir en jafnan mætt óhvikulli andstöðu atvinnurekenda.

Í tíð núverandi stjórnar hafa verkalyðssamtökunum verið tryggð réttmæt og aukin yfirráð yfir atvinnuleysistryggingasjóði. Sú réttarbót eins og fleiri mætti eindreginni andstöðu íhaldsins.

Hér hefur verið minnst á nokkur atriði sem miklu máli skipta og sýna og sanna

Samsýning í Sýningarsalnum

Myndvefnaður og litað gler

Ásgerður Ester Búadóttir og Benedikt Gunnarsson hafa efnt til sýningar í Sýningarsalnum við Hverfisgötu. Þar hanga hlið við hlið ofnar veggabreiður og litaðar glermyndir, efniviðurinn andstæða, hið brothætta og það sem mölur og ryð fá grandað.

Ásgerður hefur numið sína teiknun vel og byggir fallega inn á myndflötinn, tek ég mér bessaleyfi til þess að nota sömu orðatiltæki um þessi ofnu teppi og notuð eru í málalagist —, þar sem þau eru frá henni runnin. Efnid sjálft sem hún notar, ullin, veldur úrslitum um útlitið, það skapast önnur útsýn þegar farið er að tjá sig með öðru móti. Í þessum efnivið sem hér er um að ræða verður allt afmarkað og skýrt, lítir, línur, fletir. Nútímakonan vefur ekki síður en formóðir hennar og hún tekur nútímann í þjónustu sína, hina absiröktu list; ég geri ráð fyrir að ullarmyndvefnaðurinn nái ýmsum eiginleikum myndarinnar sem olíulitir ná ekki og tapi öðrum. Verður ekki litaskalinn annar og honum haldið meira í skefjum, allt önnur áferð, aðr-



Ásgerður Ester Búadóttir

ar litasamsetningar? Nr. 1 er stórglæsilegt teppi, mesta verk sýningar hennar, stórt og kyrrt verk, komið er nýtt form í listvefnaðinn. Önnur teppi eru þarna með gráum, brúnum og

þá stefnubreytingu sem fylgt hefur starfi núverandi ríkisstjórnar. Enn skal það endurtekið að fátt eða ekkert af þessu hefði náð fram að ganga hefði flokkur auðstéttarinnar, Sjálfstæðisflokkurinn, mátt ráða. Hitt er svo annað mál og veldur varla deilum meðal vinstri manna að betur hefði mátt gera í mörgum greinum. En gæta skyldu menn þess að flokkur alþýðustéttanna og verkalyðssamtakanna, Alþýðubandalagið, hefur jafnan átt undir högg að sækja við samstarfsflokkana og þá ekki sízt Framsóknarflokkinn, sem í mörgu hefur mjög affurhaldsöm sjónarmið og andstæð hinna framsæknu verkalyðshreyfingu, hugsjón hennar og hagsmunum.

hvítum lit. Hún notar aldrei sterka liti en mjúka.

Benedikt er hugmyndaríkur og ekki hræddur við að gera tilraunir, venjulega á myndfleti strigans, nú með nýtt efni, lakk og harpixblöndu á gler, og útheimtir það að myndirnar beri við ljós. Litirnir magnast við það og styrkjast. Þetta eru litbrigðarík verk og er skemmtilegt til þess að vita að hann hefur leitað fyrir sér um efni við svo frábregðinn, fer nú að verða nokkuð þungt og stírt hið venjulega olíumálverk, en það er frekar af þeim sökum að í bráð hefur lítið verið sagt nýtt í þeim efnum heldur en Framhald á 11. síðu



Benedikt Gunnarsson

Brageyra eða bragauga

Svar frá Jóni Leifs

Rithöfundur nokkur með villandi nafni birir í „Þjóðviljanum“ 22. þ. m. endurnýjuð mót-mæli gegn því að ég reyndi í mínum nýju rímnadanslögum að samrýma ljóðlínu úr vísu eftir Þorstein Erlingsson við stílfast rímnalag. Þessi rímnalög mín eru óprentuð og voru nú sungin í fyrsta sinn, — svo að enn er tími til að athuga málið rólega og bæta úr misfellum eða leita að sem beztri lausn á málinu.

Afsökunar vil ég biðja á því að hafa ekki leitað álits erfingja Þorsteins Erlingssonar áður en ég lét handritið fara til söngstjórans; það var fyrir þrem árum síðan, en málið gleymt þegar löginn voru nú tekin til flutnings í fyrsta sinn, án þess að ég fylgdist með því sérstaklega.

Hins vegar er vafasamt hvort erfingjar höfundar eru réttur aðili í máli, sem snerta listræna meðferð hugverka. Í Danmörku eru skýr lagaákvæði um þenna hinn svonefnda „DROIT MORAL“, þ. e. siðferðisréttarvernd hugverka. Réttur þessi gengur þar ekki til erfingja að höfundu látnum, heldur til menntamálaráðuneytisins, þ. e. nefndar sérfræðinga, er það skipa, og rétturinn fellur heldur aldrei úr gildi. Nefndin fjallar um hvornig leyfilegt sé að breyta verki, hvað geti talið misþyrming á verki og hvað ekki. Margir merkir tónhöfundar hafa breytt eða látið breyta ritverkum til að tónsetja þau, allt frá Mozart og Grieg fram til vorra daga. Slíkt má vitan-

kki gerast, nema í sérstökum listrænum tilgangi. Þegar bókmenning og tónmenning mætast er hætt við árekstrum, ef hvorugur aðilinn vill skilja sjónarmið hins. Ágætt er að tækifæri til úrskýringa um þetta fáist, — eins og einmitt nú.

Ljóðskáldin vilja yfirleitt láta semja lög við kvæði sín og hefja þau þannig í æðra veldi, — en skáldin verða þá annaðhvort að hafa samvinnu við tónskáldinn um samrýmingu tónrænna og bókmenntalegra atriða eða veita tónskáldunum leyfi til slíkrar samrýmingar.

Venjulega er aðeins um einstaka smámuni að ræða, — en orðin við lagið verða aukaatriði, venjulega eingöngu nokkurskonar tilvísun í sambandi við aðalverkið, tónsmiðina, — sem segir allt eða nærri því allt, ef rétt er á haldið.

Íslenzku rímnalöginn eru mjög stílföst og mótast með stuðlum og höfuðstöfum og alveg ákveðnum áherzlum, sem ekki reika til og frá í ljóðlinunni eins og hinn fyrrnefndi gagnrýnandi „Þjóðviljans“ virðist gera ráð fyrir. Sá högværi maður þykist vita hvað brageyra er, en heyrir sjálfur ekki hrynjandi lagsins og áherzlurnar, heldur eingöngu sér þær í ljóðlinunni. Hann hefur bragauga en ekki brageyra, því að brageyrað getur ekki verið öðruvísi en hið tónnæma eyra, sem flest góð skáld og flestir miklir bókmenntafræðingar hafa, — jafnt Jónas Hallgrímsson sem fræðimenn eins og Andreas Aussler og Felix Lenzner, — miklir tónmenntamenn og sjálfir hljóðfæraleikarar, þrátt fyrir sína málfræðikunnáttu.

Í hinum íslenzku rímnalögum birtist venjulega ekki áherzla á lokarími ljóðlinunnar, — nema stundum í seinustu línunni. Þetta sannar ef til vill frumkraft lagsins fram yfir orðin, sem virðast yngri.

Fyrsta ljóðlínan í vísu Þorsteins Erlingssonar veldur öruggleikum til samræmingar við hinn stílfasta rímnastíl og er þannig:

„Það er líkt og ylur í“
(ómi o. s. frv.)

Hinn skáldlega hikandi banki er augljós, en hann er ekki í samræmi við rímnastílinn; — framhald vísunnar er hins vegar eins og ort við rímnalag. Tónsetning þessarar ljóðlínu virðist heimta þrjá lengjandi og hikandi takta, — en rímnastíllinn leyfir ekki nema einn takt; (orðið „takt“ er hér notað í tónlistarmerkingu, en ekki í bókfræðilegum skilningi). Að vísu má syngja rímnalagið við ljóðlinurnar óbreyttar með áherzlu á „þ“ og „y“ en frá tónrænu sjónarmiði myndi Framhald á 11. síðu

ERNEST GANN:

Sýður á keipum

96. dagur.

var eitthvað farin að láta sig — að minnsta kosti hafði hann aldrei fengið svar. En svo sagði einhver úr hafnarnefndinni honum frá Brúnó, og Barney skildi hvers vegna Taage lá svona hnípinn.

Venjan var að telja slys á sjó aldrei sök mannsins sem fyrir slysinu varð. Aðstæðurnar í sambandi við slysið voru ekki taldar skipta miklu máli. Ef formaður bátsins var góður maður, þá tók hann sökina á sig. Þegar það kom fyrir, eins og alltaf varð öðru hverju, voru dæmi til þess að sumir menn seldu báta sína og fóru í land árum saman, stundum fyrir fullt og allt. Báturinn fékk á sig óheillaorð, nafn hans var aldrei nefnt á sama hátt og nöfn annarra báta. Honum var vantreyst. Hún var óréttlát þessi tilfinning sem gengið hafði að erfðum gegnum margar kynslóðir sjómanna; það var ekkert vit í henni, en hún var staðreynd engu að síður.

Hamil var í dökkbláum fötum. Brúni hatturinn, sem Barney vissi að yfirgaf næstum aldrei kassan sinn í skápnum á Taage, var þráðbeinn ofaná höfðinu á honum. Hann var með hálsbindi og nýrakað andlit hans var í samræmi við gljáburstaða svarta skóna. Gullúrfestinn, sem Hamil hafði eitt sinn sagt honum að faðir hans í Noregi hefði átt, glóði framan á vestinu.

Barney beið þess að hann kæmi um borð og þóttist vera niðursokkinn í að athuga smáskemmdir á neti. Daginn áður hafði hann fest það í skeri rétt hjá Farallone eyjum, skeri sem var þar sem það átti ekki að vera. Í rauninni stóð honum alveg á sama um netið, það tæki aðeins fáa tíma að bæta það, en það var þó eitthvað til að horfa á auk gargandi mávanna, eitthvað að blístra yfir, meðan vinur hans bjó sig undir samtalið við hann.

„Sæll vertu, Barney Schriona,” sagði Hamil lágt. Barney leit upp frá netinu og brosti.

„Hamil. Ég var einmitt farinn að vonast eftir þér. Komdu um borð.” Hamil gætti þess að óhreinka ekki fötin sín þegar hann klifraði niður á þilfarið, og þegar Barney virti hann fyrir sér fannst honum sem hann hefði elzt um mörg ár á þessum fáu vikum. Auðvitað gat það verið fötunum og hattinum að kenna eða tandurhreinum höndunum, en þegar hann talaði, var eins og krafturinn væri horfinn úr rödd hans og hann brosti aðeins til háls.

„Já, ég sé svo sem að þú hefur verið að slæpast rétt einu sinni,” sagði Hamil. „Þú hefur gert þetta gat á netið með hníf, til þess að geta legið við bryggju og borðað góða matinn hennar Rósönnu.”

„Nei, sem ég er lifandi. Þetta gat herna kemur af því að halda að ég sé alvitur og vera of gráðugur. Ég kastaði fyrir tveim árum á þessum sama stað og fékk finasta skarkola sem ég hef séð. Ég merkti staðinn inn á kortið með finan botn. Nú veit ég að svo er ekki.”

Hamil leit upp fyrir sig á mávana og síðan niður á þilfarið. „Þú hefur sjálfsagt heyrt um Brúnó,” sagði hann.

„Já, ég frétti það.”

„Hann var að bjarga Carli. . . .”

„Já.”

„Hann var góður náungi hann Brúnó. Di er skrítið, ég hugsa um hann alveg eins og son minn.”

„Já. Hvað segirðu um að við fáum okkur kaffisopa, Hamil?” Barney tók um handlegg hans og ýtti honum í áttina að eldhúsinu í Capellu. „Ef þú ætlar að

eltast við túnfiskinn hálfu leið til Kína í allt sumar, fáum við ekki mörg tækifæri til að talast við.”

Meðan Barney kveikti undir katlinum og dundaði við að taka upp bollana og mæla í könnuna, sagði Hamil. „Ja, Barney, nú um tíma er ég að hugsa um að setjast í helgan stein. Sem ég er lifandi, þá datt mér aldrei í hug að ég gerði það. Mér fannst alltaf að maður ætti að halda áfram að vinna þangað til hann væri orðinn of gamall til annars en sitja í sólinni. . . . en nú held ég kannski að maður ætti að lækka seglin smátt og smátt og gefa kannski yngri mönnunum tækifæri —”

„Ætlarðu að segja mér að þú sért að hugsa um að hætta núna meðan allur þessi fiskur er þarna úti? Nei, heyrðu mig, Hamil. Ég veit þú misstir mann útbýrðis og það er ekki gaman, en það er ekki þar með sagt að þú eigir að standa í landi og harma það til eilífdar. Þetta hefur kannski verið dálítið öðruvísi og þér finnst þú ekki hafa átt að vera svona langt úti í þessu roki. . . .”

„Það var býsna hvasst.”

„Veðurskýrslan segir sextíu mílur á klukkustund.”

„Ja. Kannski di hafi verið.”


„Hvenær ætlarðu að ýta frá aftur?”

Hamil færði sig nær eldavélinni og horfði út um gluggann. Stórir finger hans slógu hægt í borðplötuna og um stund heyrðist ekkert annað en suðið í eldavélinni. Barney leið ónotalega. Skollinn hafi það, hann gat ekki munað eftir neinu til að segja, sem kæmi Hamil aftur í eðlilegt skap. Það væri miklu betra ef Rósanna væri nærstödd. Kvenfólk hafði alltaf eitthvað að segja, þegar ekkert var til að segja og kunni að gefa orðum sínum þýðingarmikinn hljóð.

„Heyrðu, Barney,” sagði Hamil án þess að líta úr



HEIMILISPÁTTUR



Sígildir frúarkjólar

Enda þótt tízkúhúsin endasendist með mittið frá mjöðum og brjósti og halli sér ýmist að empíresniði eða beltum á mjöðmunum, erum við sennilega flestar þannig gerðar að undir niðri viljum við helst hafa mittið á sínum stað — sem sé í mittið. Sé maður í holdugra lagi er oft heppilegt að hafa kjólinn tvískiptan. Báðir kjólarnir á myndinni

eru með mjaðmasiðum jakka og sléttum þilsum. Annar jakkinn er með smáum rykkingum á mjöðmunum, hinn með sléttum vösum.

Kjóllinn til vinstri er saumaður úr einlita bómullarefni sem ekki krypplast, í ljósum, daufum lit og kjóllinn til vinstri úr mynstruðu silki-ottoman.

Brageyra

Framhald af 6. síðu

flutningur fyrstu orðanna þá verða loðinn og óskýr. Stuðullinn og endarímið „í“ er áherzlulaust í laginu. Nú lagði ég til að í staðinn væri sungið: „Ætíð finn ég yllinn í“. Þannig fellur greinilega og stuðlandi áherzla á „Æ“ og orðið „Ætíð“ er bindandi og legato eins og lagið heimitar, en orðið „finn“ verður hinsvegar staccato eins og við laglínuna á. Hljómasambengi er á milli atkvæðanna „finn“ og „(yl-)inn“, — einnig á milli orðanna „eg“ og „í“, — og er það laglínunni til stuðnings. Mér hefur dottið í hug að syngja mætti: „Einatt er sem yllur í“, en bæði er að áherzla á „Ei“ yrði ekki eins greinileg og svo verða báðir bókstafirnir „T“ of harðir og of staccato fyrir lagið á viðeigandi stað.

Þetta eru sjónarmið tónsmíðsins, en hvorki lagið né vísan eru í sjálfu sér það merkileg að allur úlfabytur gagnrýnandans eigi rétt á sér.

Hins vegar mundi ég vilja stínga upp á því að nefnd bragfræðinga og tónlistarmanna fengi úrskurðarvald um þetta. Tílefnið er kærkomið og hefur almennt gildi.

Til frekari áréttingar vil ég leyfa mér að minna á, að hver einasti bókstafur í sönglagi, þ.e. hreimur hans, getur haft áhrif á flutninginn til gagns eða ógagns. Við tónskáldin þurfum að læra bragfræði og eigum að bera fulla virðingu fyrir ljóðskáldunum, en þau þurfa líka að læra eitthvað í tónmennt og eiga að gæta sín þegar tónsetja á kvæði eða þegar þau yrkja við lög, sem oft eru af erlendum uppruna og falla engan veginn að íslenskri tungu, — svo að stundum verða til broslega rangar (og franskar) áherzlur. Því miður virðast eyru manna hér á landi vera mjög farin að sljóvgast fyrir hrynjandi og hljómi íslenskrar tungu.

Út yfir tekur þó, ef bókmennafræðingar afneita gersanlega lögmálum íslenskra þjóða. Er ekki starfandi hér á landi „Rímnafélag“, sem gefur út rímur, án þess að skeyta hið minnsta um rímna-lögin? — Þótt vítað sé að lögin eru aðalatriðið og að rímurnar urðu oft eintónt bókmenntalegt bull, einmitt vegna þess að finna átti þá hljóma, þau oft innantómu orð eða þær áherzlur, sem bezt áttu við lögin.

Reykjavík 23. apríl 1958
Jón Leifs

Myndvefnaður

Framhald af 6. síðu.

„búið sé að segja allt sem þurfi“.

Benedikt er leikinn málari og tæknilega þroskaður. Hið hamraða gler, sem hann hefur útbúið sumar myndirnar með, veldur skemmtilegu ljósbroti. Litirnir eru heitir. Hann er jöfnum höndum figúratív og óhlutbundinn.

Þessar tvær tegundir myndlistar fara mjög vel saman og er samsýningin vel heppnuð og þægilega óvenjuleg, í alla staði ágæt.

D.



Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem á einn eða annan hátt auðsýndu okkur samúð og vináttu við andlát og jarðarför

MARÍU JÓNSDÓTTUR

D-götu 4 í Blesugróf.

Eiginmaður og börn hinnar látnu.